

## REGLUGERÐ

### um (98.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fœðri.

#### 1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í II. kafla I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 252/2019 öðlast eftirtaldar ESB-gerðir gildi hér á landi:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1289 frá 31. júlí 2019 um leyfi fyrir L-valíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 11201P, sem fœðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 92, frá 14. nóvember 2019, bls. 66.
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1290 frá 31. júlí 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/338 að því er varðar lágmarksinnihald blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 25770), sem fœðuraukefni fyrir eldiskjúklinga eða kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (leyfishafi er BASF SE). Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 92, frá 14. nóvember 2019, bls. 70.

#### 2. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 22/1994 um eftirlit með fœðri, áburði og sáðvöru, með síðari breytingum.

#### 3. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 9. gr. og 9. gr. a – 9. gr. e laga nr. 22/1994 um eftirlit með fœðri, áburði og sáðvöru.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fœðri, áburði og sáðvöru. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 11. desember 2019.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

*Iðunn Guðjónsdóttir.*